

Fundargerð

**Stjórnarfundar Félagsbústaða nr. 6/2019 haldinn fimmtudaginn
30. janúar 2020 kl. 15.45 í fundarsal félagsins að Hallveigarstíg 1**

Fundarmenn: Haraldur Flosi Tryggvason, Laufey Ólafsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir og Sigrún Árnadóttir sem fundargerð.

1. Árangursmat stjórnar og framkvæmdastjóra.

Frestað til næsta fundar.

2. Skýrsla áhættunefndar 2019

Fyrir fundinum lá skýrsla áhættunefndar fyrir árið 2019 auk árlegrar samantektar framkvæmda- og fjármálastjóra um verkefni sem lokið var við. Í skýrslu nefndarinnar er farið yfir skilgreindar áhættur í rekstri félagsins og staða þeirra metin. Stjórn þakkar áhættunefnd fyrir vel unna skýrslu og felur framkvæmdastjóra að halda áfram vinnslu verkefna sem ekki hefur verið lokið við.

3. Starfsreglur stjórnar

Farið var yfir starfsreglur stjórnar sem samþykktar voru 7. desember 2018. Málinu frestað til næsta fundar.

4. Samþykktir Félagsbústaða

Farið var yfir samþykktir félagsins. Framkvæmdastjóra var falið að gera tillögur að þeim breytingum á gr. 4., 5., 19., og 21. gr.

5. Skýrsla um starfsemina


Lögð var fram skýrsla um starfsemina fyrir árið 2019 og yfirlit yfir stöðu framkvæmda vegna flutnings skrifstofu félagsins.

Stjórn samþykkti að óska eftir því við Reykjavíkurborg að á árinu 2020 verði hlutfé aukið sem nemur 4% af stofnkostnaði við fjölgun íbúða sem áætlað er að nemi um 180 mkr.

6. Stefnumál: a.stefna í skjala- og upplýsingamálum, b. stefna í fasteignakaupum

Fyrir fundinum lágu drög að stefnu í skjala- og upplýsingamálum. Stjórn samþykkti drögin.

Stjórn samþykkti jafnframt að fela framkvæmdastjóra að leggja fram drög að stefnu



um fasteignir félagsins þar sem m.a. er horft viðmiða við kaup, viðmiða við sölu íbúða, staðsetningar, viðhalds, framleigu, eigna sem falla utan kjarnastarfsemi og fl.

7. Önnur mál

a) Breytingar á upplýsingatæknimálum

Kynntar voru breyttar áherslur í rekstri og umsjón upplýsingatæknimála. Nánari kynning

b) Merki Félagsbústaða

Tillögur að breyttu myndmerki Félagsbústaða voru samþykktar.

c) Riftun húsaleigusamninga


Lagt var fram minnisblað til framkvæmdastjóra frá Forum lögmönnum um áhrif ákvæða um riftun leigusamninga í reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði sem samþykktar voru í maí sl.

Stjórn fól framkvæmdastjóra að vinna frekari tillögur í málinu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16.45.



Haraldur Flosi Tryggvason



Laufey Ólafsdóttir



Heiða Björg Hilmisdóttir

Sigrún Árnadóttir